



Lagt fyrir fund velferðarráðs 21. nóvember 2018

## Tillaga

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

---

**Tillaga:** Lagt er til að velferðarráð samþykki tillögu að nýjum reglum um félagslegt leiguhúsnæði í Reykjavík.

### **Greinargerð:**

Reglur þessar munu leysa af hólmi reglur um félagslegt leiguhúsnæði og sérstakar húsaleigubætur í Reykjavík sem tóku gildi þann 1. mars 2004 og reglur um þjónustuíbúðir fyrir aldraða sem tóku gildi þann 1. maí 2008.

Við yfirfærslu málaflokks fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga í upphafi ársins 2011 fluttust einnig húsnæðismál fyrir fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga en frá þeim tíma hefur verið unnið samkvæmt ítarlegu verklagi varðandi feril umsókna og úthlutun í sértæk húsnæðisúrræði. Það verklag er nú fært í reglur. Sama gildir um verklag varðandi húsnæði fyrir heimilislaust fólk.

Reglur þessa munu því gilda um fjóra flokka húsnæðis, þ.e. almennt félagslegt leiguhúsnæði, húsnæði fyrir fatlað fólk, þjónustuíbúðir fyrir aldraða og húsnæði fyrir heimilislausa.

Í nýjum reglum er tekið tillit til sjónarmiða sem fram hafa komið í álitum umboðsmanns Alþingis og umboðsmanns borgarbúa. Nokkur nýmæli koma fram í reglunum, t.d. hvað varðar skilgreiningu á húsnæði fyrir fatlað fólk, tímalengd húsaleigusamninga, milliflutninga, afnot og framleigu húsnæðis. Þá eru gerðar töluverðar breytingar á matsviðmiðum sem eru fylgiskjöl með reglunum.

Sjá nánar í meðfylgjandi minnisblaði.

Ekki er gert ráð fyrir viðbótarkostnaði vegna gildistöku nýrra reglna nema þeim sem þegar er áætlaður hjá upplýsingatæknideild Reykjavíkurborgar í tengslum við gerð nýs kerfis.

Fylgiskjöl:

1. Drög að reglum um félagslegt leiguhúsnæði í Reykjavík.
2. Minnisblað, dags. 19. nóvember 2018.

